



Viðauki við fjárhagsáætlun 2025

1. Endurskoðun á fjárheimildum líkana skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 4.468.000 þ.kr. vegna uppfærslu á leik- og grunnskólalíkani með hliðsjón af kjarasamningsbundnum launahækkunum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126 Launa- og starfsmannakostnaður, af kostnaðarstað 09205 Ófyrirséð, með breytingum á útsvarstekjum til hækkunar og með leiðréttingum á áætluðum framlögum Jöfnunarsjóðs, sbr. eftirfarandi töflu:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-1.280.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-2.358.000
SKATT	00100	Hækkun útsvarstekna	Frá	-300.000
SKATT	00103	Hækkun framlaga JS	Frá	-530.000
SFS	xxx	Uppfærsla á Eddu	Til	2.848.000
SFS	xxx	Uppfærsla á Snorra	Til	1.620.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér endurskoðun á fjárheimildum skóla- og frístundasviðs vegna úthlutunarlíkana í borgarreknum leik- og grunnskólum. Um er að ræða uppfærslu á líkönum fyrir skólaárið 2025-2026. Breytingarnar fela í sér kjarabætur vegna samninga allra kjarafélaga starfsmanna í leik- og grunnskólum borgarinnar árin 2024 og 2025. Einnig hefur annar rekstrarkostnaður verið uppfærður til samræmis við verðlag. Á sama tíma hefur tekjuáætlun vegna útsvars verið endurskoðuð m.t.t. áhrifa af kjarasamningum við kennara. Einnig liggur fyrir uppfærð áætlun frá Jöfnunarsjóði þar sem framlög til borgarinnar eru hærri en áætlað var. Annar kostnaðarauki verður fjármagnaður af miðlægum varasjóði.

2. Endurskoðun á tekjuáætlun eignaskrifstofu

Lagt er til að fjárheimildir eignaskrifstofu verði lækkaðar um 1.628.000 þ.kr. vegna endurmats á söluhagnaði eigna.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
ES	xxx	Söluhagnaður eigna	Frá	-1.628.000
Til	09205	Ófyrirséð	Frá	1.628.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Þann 23. maí sl. var undirritaður kaupsamningur milli Reykjavíkurborgar og Perlunnar Þróunarfélags um kaup á Perlunni og tveimur tönkum. Kaupverðið er 3.500 þ.kr. og áætlaður söluhagnaður sem bókfærður verður árið 2025 nemur 1.628 þ.kr.

3. Samkomulag við ríki um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði hækkaðar um 1.100 þ.kr. vegna samkomulags við ríkið um börn með fjölþættan vanda.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Samningur við ríki v. barna með fjölþættan vanda	Frá -1.100.000
Til	09205	Ófyrirséð	Frá 1.100.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Þann 19. mars sl. var samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga, annars vegar um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölþættan vanda og hins vegar um uppbyggingu hjúkrunarheimila. Breytingarnar eru liður í að einfalda verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og styrkja fjárhag sveitarfélaga og taka þær gildi um mitt þetta ár. Samkvæmt bráðabirgðamati eru áætluð áhrif samkomulagsins á rekstur Reykjavíkurborgar um 1.100 þ.kr. árið 2025. Þegar endanlegar fjárhæðir liggja fyrir kann það að leiða til frekari endurskoðunar á fjárheimildum.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri